

Reykjavík, 12. nóvember 2012

Nefndasvið Alþingis

b.t. Umhverfis og samgöngunefndar

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/474**  
**komudagur 13.11.2012**

**UMSÖGN 141. LÖGGJAFARÞING, ÞINGSKJAL 3 – 3. MÁL**

Suðurorka styður eindregið að skilmerkilega verði gerð grein fyrir hvað veldur því að virkjunarkostur/landsvæði hafnar í biðflokk og hvaða gagna er vænst til að leysa úr því. Þannig má með markvissum hætti uppfylla gagnaskyldu og ljúka flokkun.

Suðurorka leggur ennfremur til að lögum um rammaáætlun verði breytt þannig að viðeigandi stjórnvaldsstofnun verði skylt að endurflokka einstaka kosti eða svæði þegar forsendur fyrir flokkun í biðflokk eru ekki lengur fyrir hendi. Ekki eigi að bíða heildarendurskoðunar rammaáætlunar til þess að breyta flokkun einstakra kosta. Framangreint fyrirkomulag er í gildi í Noregi.

Suðurorka styður ekki að síðustu verkefnisstjórn rammaáætlunar verði falið að flokka virkjunarkosti á þeim faglega grunni sem fyrir liggur. Til þess sé undirliggjandi fagmennska við gerð rammaáætlunar ófullnægjandi eins og gert er grein fyrir í umsögn Suðurorku um þingsályktunartillögu um rammaáætlun. Suðurorka telur nauðsynlegt að endurvinnna faglegt mat og taka inn ný gögn sem fram hafa komið um einstök svæði eða virkjunarkosti.

Suðurorka leggur til að við endurmat verði notaðar aðferðir sem ekki krefjast jafn mikillar vinnu við að endurmeta einstaka kosti á grundvelli nýrra gagna og aðferðir síðustu verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Á grundvelli samskipta Suðurorku við síðustu verkefnisstjórn treystir Suðurorka henni ekki fyrir endurmati. Verkefnisstjórnin er búin með sitt tækifæri til að vinna rammaáætlun sem stæðist gagnrýni og pólitísk afskipti. Það tókst ekki nógu vel til að verkefnisstjórninni séu falin frekari verkefni á sviðinu. Suðurorka leggur til að nýrri verkefnisstjórn með skýrt verkefni byggðu á endurskoðuðum lögum um rammaáætlun verði falið verkefnið.

**UMSÖGN UM 1. GR**

---

Suðurorka styður 1. gr frumvarpsins. Ákvæði laganna er of víðtækt. Telji hagsmunaaðilar að viðkomandi svæði sé betur komið í orkunýtingu en friðlýsingu þá geta legið málefnanlegar ástæður fyrir því að taka viðkomandi landsvæði fyrir í rammaáætlun.

**UMSÖGN UM 2. GR**

---

Suðurorka styður breytingar a, b og c.

Suðurorka leggur til að bætt verði við nýrri málsgrein þar sem viðeigandi stjórnslustofnun sé heimilað að flytja virkjunarkost í nýtingar- eða verndarflokk þegar forsendur flokkunar hafa breyst eða nýjar upplýsingar liggja fyrir. Slíkt ákvæði er í gildi við rekstur á norsku rammaáætluninni Samlet plan for vassdrag.

## UMSÖGN UM 3. GR

---

Suðurorka styður 3. gr frumvarpsins. Ekki er ástæða til að íþyngja þeim sem vilja afla upplýsinga um virkjunarkosti leiði ekki af því verulegt rask.

## UMSÖGN UM 4. GR

---

Suðurorka styður ekki 4. grein frumvarpsins.

Ekki er fullnægjandi fagvinna að baki núverandi rammaáætlun síðustu verkefnisstjórnar. Þar sem hagkvæmni og þjóðhagkvæmni virkjunarkosta eru ekki gerð fullnægjandi skil. Í slíkum tilfellum getur ráðherra þurft að leggja til breytta flokkun. Þá geta ný gögn sem lögð eru fram kallað á breytta flokkun.

## UMSÖGN UM 6. GR

---

Suðurorka styður ekki 6. gr frumvarpsins.

Vísað er til umsagnar Suðurorku um tillögu til þingsályktunar um rammaáætlun. Þar kemur fram að Suðurorka ber ekki traust til þeirrar verkefnisstjórnar sem vann að 2. áfanga rammaáætlunar. Skýrasta dæmið um vanhæfni verkefnisstjórnarinnar var að hún lauk ekki við flokkun virkjunarkosta og að niðurstöður hennar stóðust ekki þá gagnrýni og pólitísku afskipti sem hún varð fyrir.

Nýtt fólk og nýtt mat er nauðsynlegt til að rammaáætlun verði til þeirrar hagsældar fyrir Ísland sem vænst var. Fyrri verkefnisstjórn náði ekki að viðhalda faglegum áherslum vinnuferilinn á enda. Enda sátu í verkefnisstjórn fulltrúar sem, í ljósi skrifa sinna á opinberum vettvangi, er erfitt að sjá að myndu skrifa upp á nokkra virkjun í nýtingarflokk neins staðar.

Síðasta verkefnisstjórn tókst ekki að ljúka þróun nothæfra aðferða þótt mikið fjármagn hafi verið notað til verksins. Faghópar 2 og 3 viðurkenndu að hafa ekki þróað fullnægjandi aðferðafræði. Faghópur 1 taldi sig hafa fullnægjandi aðferðir en niðurstöðurnar sýna að m.a. er óeðlilega lítið af vatnsaflskostum í nýtingarflokki miðað við framboð á valkostum.

Skipa þarf nýja verkefnisstjórn til að stýra flokkun virkjunarkosta. Taka þarf tillit til nýrra gagna og endurmeta fyrri niðurstöður. Tryggja þarf viðunandi skjalastjórnun og úrvinnslu erinda svo úrvinnsla verði gagnsæ og hægt sé að ganga úr skugga um að jafnræðis hafi verið gætt við afgreiðslu virkjanakosta. Endurskoða þarf aðferðir svo rammaáætlun verði það verkfæri til sátta um orkunýtingu eða verndun landsvæða sem að var stefnt.

## UMSÖGN UM 7. GR

---

Suðurorka styður breytingu á lögum um rammaáætlun að tvennu gefnu:

- Heimiluð verði endanleg flokkun kosta í biðflokk þegar nýjar forsendur og upplýsingar koma fram sem leysa úr tilgreindum ástæðum fyrir flokkun í biðflokk. Þ.e. notuð verði norska aðferðin.
- Skipuð verði ný verkefnisstjórn sem tryggir jafnræði virkjunarkosta í matsvinnu og flokkun.

*Guðmundur Valsson Framkvæmdastjóri Suðurorku ehf*